



## Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Starfsmaður skólans skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað og skilar henni til námsráðgjafa.  
**Eineltisteymi** fer yfir allar tilkynningar.

Nemandi/foreldri tilkynnir starfsmanni skólans

**Umsjónarkennari** notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar um grunur um einelti.

**Gátlisti**

- Ræðir við þolanda
- Ræðir við meinta gerendur
- Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans
- Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum
- Ræðir við foreldra þolanda
- Ræðir við foreldra meints geranda
- Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn
- Eineltiskönnun lögð fyrir bekkinn

**Ef um einelti er að ræða þá fer eftirfarandi ferli í gang**

**Umsjónarkennari** hefur samband við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda, þ.e. alla kennara sem kenna bóklegar greinar og verklegar svo og íþróttakennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða, starfsfólk í matsal, á bókasafni og í félagsmiðstöðinni til þess að láta það vita og óskar eftir því að það fylgist með.

### Eineltisteymi Öldutúnsskóla

Eineltisteymi fundar hálfsmánaðarlega. Það heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála. Veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þeirra.

Í eineltisteyminu eru:

Skólastjórnandi  
Námsráðgjafi  
Kennari  
Hjúkrunarfræðingur

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda og geranda
- Bekkjarfundir um einelti og samskipti
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra

**Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs**